


Fundargerð 67. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.
Dagsetning: fimmtudagur 18. september kl. 16:30 2014 í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Viðstaddir:

Jón Eggert Bragason, Björg Ágústsdóttir (formaður), Sigríður Finsen, Sigrún Ólafsdóttir og Helga Guðmundsdóttir, Helga María Jóhannesdóttir fulltrúi foreldra, Sólrún Guðjónsdóttir fulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð. Magnús Þór Jónsson, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Nökkvi Freyr Smárason boðuðu forföll.

1. **Formaður setti fund og fór yfir skipan skólanefndar.** Magnús Þór Jónsson mun ekki komast þetta skólaár 2014-2015. Verið er að leita að nefndarmanni í hans stað. Helga María Jóhannesdóttir fulltrúi foreldra mætti á sinn fyrsta fund. Skólameistari fór yfir hlutverk skólanefnda. Ákveðið var að fara yfir hlutverk skólanefndar frekar á næsta fundi.
2. **Fundargerðir síðustu funda bornar upp til samþykkis.**
3. **Skólahald haust 2014**
 - a. **Innritun – Nýnemar – Dreifnemar.** Alls innrituðust 41 nýnemi á haustönn 2014 þar af 3 á starfsbraut. Dreifnemendur eru að innritast örlítið seinna og hafa aldrei verið fleiri, en um 80 dreifnemendur eru á haustönn 2014. Heildarfjöldi í skólanum eru 251 nemendur á haustönn 2014.
 - b. **Starfsmannamál.** Skólameistari fór yfir ráðningarmál vegna haustannar 2014. Einhver vandamál komu upp varðandi auglýsingaferli en búið er að leysa þau.
 - c. **Námsframboð – Nýjar brautir.** Nýjar brautir sem kenndar eru við FSN eru félagsfræði-, náttúrufræði- og listnámsbraut. Fjórdra brautin heitir framhaldsskólabraut og er styttri braut, þrjár til fjórar annir og lýkur með framhaldsskólaprófi. Búið er að samþykkja þessar brautir í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Próunarstyrkur barst til þess að styðja þessa framkvæmd.
 - d. **Nýnemadagur – Foreldrafundur.** Nýnemadagur tókst með ágætum. Nemendafélagið sá um skipulagningu. Foreldrafundur var í síðustu viku og tókst mjög vel. Góðar umræður voru og hópur foreldra var tilbúinn til starfa.
 - e. **Kvíabryggja.** Ekki fékkst fjárveiting til menntunar fanga á Kvíabryggju á haustönn 2014.
4. **Afmæli FSN.** Undirbúningur að afmælisfagnaði er í fullri vinnslu. Opið hús verður 30. september og 1. október. Fyrirhugað afmæli



verður 2. október. Dagskrá er í vinnslu. Þann 3. október er svo fyrirhugað heimsókn allra skólameistara á landinu. Þá um kvöldið er fyrirhugað að skólinn bjóði starfsfólki út að borða.

5. Fjárlagafrumvarp 2015. Farið yfir forsendur frumvarpsins og afleiðingar ef þetta gengur eftir. Rætt, en umræðum verður fram haldið á öðrum fundi fljótlega. Þetta frumvarp þýðir mjög mikla skerðingu í Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Verið er að skera niður nám fyrir fólk 25 ára og eldri.

6. Önnur mál

- Fjölbrautaskóli Snæfellinga er í samstarfi við Grunnskóla Grundarfjarðar um stærðfræðikennslu 10. bekkinga hér í FSN. Kennari úr Grunnskóla Grundarfjarðar kemur og kennir þeim hér ásamt öðrum nemendum hér.
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga er í samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands um kennslu á einum líffræðiáfangi. Náttúrustofa Vesturlands kennir þennan metnaðarfulla rannsóknaráfanga. Áfanginn verður kenndur í mörgum skorpum.

Fundi slitið kl.18:35